


Afstöðumynd
1 : 1000

**Greinagerð aðalhönnuðar / byggingarlýsing.**

Götuheiti: Freyjustígur 20, Grímsnes- og Grafningshreppur

Landnúmer: 206229
Staðgreinir: 8719-1-13040200

Um er að ræða gestahús til flutnings.

Brúttóstærð: 27,3 m$^2$ 84,3 m$^3$

Lóð: 11.327 m$^2$

Nýtingarhlutfall: 0,002

**Einangrun**
Við ákvörðun einangrunar byggingarinnar var haft til hliðsjónar leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarhluta skv. gr.13.3.2. tafla 13.01 í byggingarreglugerð og ÍST 66:2016.

Kólnunartölur skv. byggingarreglugerð, tafla 13.01.

| | |
|---|---|
| Útveggir | U - gildi = 0,30 w/m$^2$°C |
| Þak | U - gildi = 0,20 w/m$^2$°C |
| Botnplata | U - gildi = 0,30 w/m$^2$°C |
| Gluggar og hurðar | U - gildi = 2,0 w/m$^2$°C |

Kólnunartölur byggingarhluta skv. útreikningum.

| | |
|---|---|
| Útveggir | U - gildi = 0,27 w/m$^2$°C |
| Þak | U - gildi = 0,19 w/m$^2$°C |
| Botnplata | U - gildi = 0,26 w/m$^2$°C |
| Gluggar og Hurðar | U - gildi = 1,80 w/m$^2$°C |

**Almennt**
Öll byggingarefni og byggingarhlutar eiga að uppfylla kröfur sem gerðar eru hérlendis - staðla, reglugerðir, lög og ákvæði um CE-merkingar.

Húsið er innflutt einingahús frá Silver Standard Plant í Litháen. Allar samsetningar og deili má sjá sem fylgigögn með þessari teikningu.

Undirstöður eru úr járnbentri steinsteypu.

Gólf stendur á dregurum og gólfbitum. Dregarar standa á steyptum undirstöðum. Gólf er einangrað með 200 mm steinull. Ofan við ull er gengið frá rakavarnarlagi samkvæmt byggingarreglugerð og sérriti NMÍ "frágangur rakavarnalaga".

Útveggir eru úr 45x145mm timbri, einangraðir með 150 mm steinull
Að utan kemur 9 mm krossviður á timburgrind, 2*25 mm loftunargrind (lektur). Tryggja skal loftflæði undir klæðningu. Klæðning er timburklæðning. Að innan er gengið frá rakavarnarlagi samkvæmt byggingarreglugerð og sérriti NMÍ "frágangur rakavarnalaga", því næst er 45 mm rafmagnsgrind og klæðning í flokki 2.
Veggir skulu vera lágmark EI-30 nema að annað komi fram á teikningu.

Þak er klætt með þakdúk og klæðningu. Þakvirki hvílir á útveggjum og er þak einangrað með 220 mm steinull (0,037w/m$^2$k). Neðan við ull er gengið frá rakavarnarlagi samkvæmt byggingarreglugerð og sérriti NMÍ "frágangur rakavarnalaga". Því næst er 45 mm rafmagnsgrind og klæðning í flokki 2.
Þak skal vera lágmark EI-30 nema annað komi fram á teikningu.

Léttir innveggir eru úr 95 mm timbri, klæddir á báðum hliðum með klæðningu í flokki 2. Einangrað með 100 mm steinull.

Gluggar skulu vera vottuð framleiðsla glerjað með einangrunargleri.
Allur frágangur glugga/glers skal vera samkvæmt byggingarreglugerð, leiðbeiningum framleiðanda og aðaluppdráttum. Aðaluppdrættir skulu hafðir til hliðsjónar við smíði á gluggum.

Hurðir skulu vera vottuð framleiðsla. Allur frágangur skal vera samkvæmt byggingarreglugerð, leiðbeiningum framleiðanda og aðaluppdráttum. Allar útihurðir eru málsettar á aðaluppdráttum. Aðaluppdrættir skulu hafðir til hliðsjónar við smíði á hurðum.

Brunavarnir skulu vera samkvæmt byggingarreglugerð, kröfum brunamálayfirvalda og teikningum aðalhönnuðar.
Setja skal upp slökkvitæki af viðurkenndri gerð. Reykskynjara skal staðsetja samkvæmt teikningum aðalhönnuðar og leiðbeiningum eldvarnareftirlits.

Votrými skal uppfylla gr. 10.5.7 í byggingarreglugerð.

Vélræn loftræsing skal vera í gluggalausum rýmum, eldhúsi, þvottahúsi og baðherbergi skv. gr. 10.2.5
Útsog úr baðherbergi: 15 l/s
Útsog við eldavél: 30 l/s

Inntök eru í inntakskassa utan á útvegg.

Bygging tengist veitum frá Orkuveitu Reykjavíkur og er húsið hitað upp með vatnsofnum.

Vatnslagnir koma ínní og upp með veggjum. Hámarks hiti neysluvatns við töppunarstaði skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar.

Frárennslislagnir frá húsi skal leiða í rotþró á lóð. Stærð rotþróa við sumarhús skal vera a.m.k. 2.200 lítrar skv. leiðbeiningum Umhverfisstofunonar um rotþrær.

Raflagnir eru í rafmagnsgrind veggja og lofts.
Sorpi skal komið fyrir í sorpgámum sveitarfélagsins.

Kótar eru afstæðir, staðsetja skal hús á lóð í samráði við byggingafulltrúa.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
07. okt. 2020
Byggingarfulltrúi

| Útgáfa: | Dags. | Skýring: |
|---|---|---|
| 2 | 06.10.2020 | Breytt afstaða og byggingarlýsing skv. aths. bygg.fulltrúa. |

Skýringar

- Lóðarmörk
- Byggingareitur
- Veghelgun
- Mænisstefna
- (R) - Rotþró

20202823

# Pro-Ark Teiknistofa

## Freyjustígur 20, Gestahús

Grímsnes- og Grafningshreppur
4-20-068

Afstöðumynd og byggingarlýsing


Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ Kt: 010975-4179
Kjartan Sigurbjartsson BFÍ Kt: 190275-5319


| | | |
|---|---|---|
| Teikn. | ÞS | |
| Dags. | 06/10/20 | Útgáfa 2 |
| Mkv. | 1:1000 | |
| Blaðast. | A2 | A-100 |


Eyrarvegur 31, 800 Selfoss Sími 482 4430 proark@proark.is